

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m<sup>2</sup> og stærri, kr. 152,73 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 60,64 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 35,60 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 101,52 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m<sup>3</sup> kr. 14 385,00,

Hús 300—2 000 m<sup>3</sup> kr. 14 385,00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 10,67 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m<sup>3</sup> kr. 32 666,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> og kr. 8,87 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 1 448,67.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1140 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 437/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 414,39 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 20,78 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpenings-